

# Neyðarstjórn kvenna

**V**ið könnumst öll við þá merkilegu tilfinningu sem fylgir því að fatta eitthvað sem maður veit að maður vissi einhvers staðar en annaðhvort var maður búinn að gleyma því eða það var bara einhvers staðar skrifað í mann en var ekki komið upp í meðvitundina. Með öðrum orðum að fatta það sem maður vissi þegar einhver sagði það kannski óvænt eða það sem maður vissi að myndi gerast, gerist skyndilega, sumum til mikillar furðu. Þetta á við um syndir okkar en líka dyggðir. Við til dæmis vitum öll vel að græðgi er ein af dauðsyndunum. Við vitum að áhættusækni er eittrað fyrirbæri, að hámorðun gróða og hraður vöxtur er ávísun á hrun. Hvatir okkar og kenndir, já til dæmis sjálfsgjafarhvötin, eru þrátt fyrir allt guðsgjafir en á einhverjum stað draga þær mörg okkar á asnaeyrum. Alltof marga. Við finnum öll þegar það gerist. Einhver innri rödd segir við okkur „úpps“ eða eitthvað svoleiðis. Við köllum þetta samvisku. Þetta gerist auðvitað á bestu bæjum og enginn er laus við að hafa reynt þetta. Fyrirbærið er ekki einu sinni kynbundið. Ef við hinsvegar leiðréttum okkur ekki, búum við okkur til skítapoka eða slæma samvisku sem getur verið fjandi erfitt að burðast með. Svo erfitt að við búum til hjúp sem við teljum okkur trú um að enginn sjái í gegnum. Þessi hjúpur er kallaður afneitun.

Til er líkingamáls saga af manni sem fékk happdrættisvinning til helvítis – bara svona kynningarferð, ekki „lúxus“. Hann fékk meira að segja áheyrn hjá Djöfva, sem var í óvenju góðu skapi og grobbaði sig af vopnabúri sínu. Hann hafði sett verðmiða á vopn sín. Vinningshafinn tekur eftir því að langóðyrasta vopnið er Hroki. Það var á hreinum brunaútsöluprís! Vinningshafinn færir þetta í tal við Djöfva og spyr hverju þetta sæti. Djöfsi skrikir eitthvað um lögmál framboðs og eftirspurnar. Ja, hann er bara svo algengur. „Við eigum hann í svo miklu magni og hann selst afar vel,“ segir Djöfsi ísmeygilega. „En hvað er þá dýrasta vopnið?“ spyr vinningshafinn. Sérkennilegt bros færir yfir andlit Djöfva, bros sem hann notar sem séstakt vörumerki. „Kondu hérna góurinn,“ segir Djöfsi og sýnir honum harðlæsta kistu sem mjög erfitt er að komast að. „Hér er mitt dýrasta vopni!“ lýsir Djöfsi yfir hróðugur. „Þannig næ ég þeim sterkustu!“ Vinningshafinn leit á miðann og starði á svimandi upphæðina. Yfir henni stóð nafnið á vopninu. Skrifað stóð – Afneitun!

Ég veit eitt í sambandi við líkingamálið. Það er notað til þess að kenna og skerpa skilning. Þegar talað er um kvenlegar eða karllægar líkingamálsmyndir er ekki endilega verið að tala um karla eða konur í bókstaflegri merkingu. Við notum líkinguna til þess að tala um eigindir sem svo sannarlega eru raunverulegar. Að karlar séu áhættusjúkir og hugsji bara um hámorðun gróða og hraðan vöxt er eiginleg sem er kölluð karllæg en er auðvitað um eigindina græðgi og það fyrirbæri er ekki eingöngu bundið við



Guðmundur Oddur


„Þegar hann les söguna um Adam og Evu á hebresku rennur upp fyrir honum að hún er vitlaust þýdd. Það er mjög alvarleg bókstafspýðing í henni.“

karla. Við þekkjum nógu margar konur með þá karllægu kennd. Við þurfum hins vegar að læra að þekkja karlinn í konunni og konuna í karlinum. Við þurfum að læra að þekkja samfélagsleg verðmæti konunnar, áhættu meðvitund konunnar, langtímaáætlun konunnar. Við þurfum að læra að þekkja dyggðirnar sem eru kvenlegar en ekki í bókstaflegum skilningi.

Ég sé lítinn mun á hugmyndafræði frá Auði Capital og Nóbelsverðlaunahafans Muhammad Yunusar sem flækir ekki hlutina meira en að segja að það hafi verið græðgi sem hafi eyðilagt hagkerfi heimsins. Yunus er frá Bangladesh. Hann stofnsetti

Grameen-bankann þar í landi á ömurlegum tímum 1983 til þess að fátækir gætu stofnað til orskulda til þess að geta stundað eigin viðskipti. Þessi banki blómstraði og konur voru nánast 90% viðskiptavina bankans. Yunus hefur verið mjög virkur í að hvetja til félagslegrar meðvitundar í heimi viðskipta og barist hart gegn þröngum og hættulegum sjónarmiðum áhættusækni og hámarksgróða. Auður Capital stærir sig af því að vera óhrædd við að beita kvenlægrí nálgun við fjármál og hvetur til samfélagslegrar og siðferðislegrar ábyrgðar að viðskiptalegum árangri. Þær fullyrða að það felist fjárhagslegur ávinningur í því að taka samfélagslega ábyrgð. Fyrir nákvæmlega það fékk Muhammad Yunus Nóbelsverðlaunin í hagfræði 2006.

Auðvitað á hann ekki hugmyndina og út af fyrir sig sérkennilegt að veita mönnum (karlmanni) verðlaun fyrir hugmyndir heimilsbókhaldsins sem eru altrúskar, sammanleggar eða með öðrum orðum kvenlegar. Kannski var það samt tímabært til þess að vekja athygli á því í heimi karlmanna. Altrúisminn er ekki trúarbrögð. Þetta er samheiti yfir það sem við vitum öll en gleymum svo oft að við vitum. Þetta er „við“-hugsun. Andhverfa sjálfhverfunnar eða egóismans. Við skulum ekki gleyma því að þetta er skemmdri hluti egósins sem er sjálfhverfur. Egóíð er nefnilega til heilbriggt. Einstaklingsframtakið er heldur betur lifandi afl. Ég er ekki að taka undir sósíalisma eða kommúnisma gamla skólans. Altrúisminn er miku merkilegra fyrirbæri en það. Heilbrigða egóíð hefur nefnilega





sjálfsvirðingu en það óheilbrigða er með hrokann utan á sér. Sumir sjá ekki þennan mun. Það er nefnilega dyggð að geta sagt nei þegar maður meinar það en sumir sjá það svar sem hroka. Heilbrigða egóið er með metnað en það óheilbrigða er með metorðagirnd. Á þessu er svo sannarlega munur. Heilbrigðu egói finnst ekkert athugavert við að þjóna en það óheilbrigða er að þóknast – á því er munur. Heilbriggt egó sýnir söknuð og sorg þegar það á við en það óheilbrigða sekkur ofan í sjálfsvorkunnar- og fórnarlambspytt.

Bókstafstrú er mjög hættulegt fyrirbæri. Norskur mannfræðingur sem ég kynntist fyrir nokkru hafði farið að rannsaka gyðingatrú sem móðir hans tilheyrði. Mannfræðingurinn er tungumálagarpur og hafði lært hebresku. Hann var að lesa söguna um tilurð konunnar í biblíunni. Ég er að tala um Evu og rifbeinið. Þegar hann les söguna um Adam og Evu á hebresku rennur upp fyrir honum að hún er vitlaust þýdd. Það er mjög alvarleg bókstafsþýðing í henni – sagan er þýdd bókstaflega en er ekki þýdd sem líkingamálsaga. Og munið líkingamál er til þess að skerpa skilning! Á hebresku er sama orð notað um rifbein og hlið eða síða. Adam er í hebresku og upprunalegu sögunni hin hliðin eða síðan á konunni. Hún er ekki úr rifbeini – Hún er hinn helmingurinn! Hún er altrúisminn sjálfur – aðgerðarstjórinn á neyðarstöðinni! Þess vegna eigum við að leitast við að hafa helmingaskipti milli kynjana, heilahvelana, yin og yang, hvað sem við viljum kalla það – þannig myndast jafnvægið og heimsmýndin réttir sig!

*Höfundur er prófessor við  
Listaháskóla Íslands.*